

Skýrsla kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa árið 2006.

Hinn 2. júní 2006 voru sett lög nr. 87/2006 breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, þ.e. lögum nr. 50/2000, nr. 42/2000 og nr. 48/2003. Breytingalögin tóku þegar gildi. Í lögunum er kveðið á um að viðskiptaráðherra skipi kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa til 5 ára í senn. Til kæruneftndarinnar er hægt að skjóta ágreiningi um réttindi og skyldur sem rís með aðilum sem eiga kaup saman samkvæmt lögum um lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup. Þá er í lögunum kveðið á um það að viðskiptaráðherra skuli með reglugerð setja nánari ákvæði um valdsvið og verkefni kæruneftndarinnar, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti. Sú reglugerð var sett 28. ágúst 2006 og er nr. 766/2006.

Í kæruneftndina voru skipuð 6. júlí sl. Friðgeir Björnsson, fyrrv. héraðsdómari, Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins og Íris Ösp Ingjaldsdóttir hdl., tilnefnd af Neytendasamtökunum.

Kæruneftndin er til húsa hjá Neytendastofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, sem sér henni fyrir fundarástöðu, tekur við beiðnum um álit, sendir tilkynningar frá nefndinni og sér um vörslu gagna. Ritari nefndarinnar er Björk Hreinsdóttir, sími: 510-1100 – póstfang: postur@neytendastofa.is

Áður hafði starfað kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, skipuð af iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en skipunartími hennar rann út í árslok 2005.

Á þeim hluta ársins 2006 sem kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa samkvæmt lögum nr. 87/2006 starfaði bærust henni 15 mál. Nefndin afgreiddi 9 þeirra á árinu. Nokkur þessara mála höfðu borist viðskiptaráðuneytinu áður en kæruneftndinni var komið á fót og send þaðan til afgreiðslu nefndarinnar. Þá höfðu nokkrir þeirra, sem báðu nefndina um álit, leitað áður til Neytendasamtakanna og þau veitt aðstoð eftir föngum.

Af þessum 15 málum voru 11 vegna viðskipta samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, 3 vegna viðskipta samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og eitt vegna laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd- lausafjár og þjónustukaupa ber þeim sem leitar álits nefndarinnar m.a. að gera grein fyrir þeim kröfum sem hann gerir á hendur gagnaðila sínum. Að því er varðar þau 9 mál sem kæruneftndin afgreiddi á árinu fór svo að eitt var dregið til baka og í einu gekk gagnaðili að kröfum álitsbeiðanda eftir að nefndin hafi skrifað honum bréf og lýst kröfum álitsbeiðanda. Í 7 málum gaf nefndin álit. Í einu þeirra var kröfum álitsbeiðanda alfarið hafnað. Í hinum sex málunum var yfirleitt ekki fallist á ýtrustu kröfur álitsbeiðanda, en talið að gagnaðila bæri að veita álitsbeiðanda úrlausn sem nefndin rökstuddi með tilvísun til þeirra lagaákvæða sem viðskiptin féllu undir. Of langt mál yrði að rekja niðurstöður í einstökum málum en um þær skal vísað til þess að álit nefndarinnar er að finna á heimasíðu Neytendastofu: <http://neytendastofa.is>